

Þrjátíu



Teningaspil með sex teningum,
fyrir 2-6 leikmenn



Allir leikmenn byrja með 30 stig.

Fyrsti leikmaður (L1) kastar öllum teningunum og reynir að fá sem hæsta tölu. Hann þarf að geyma a.m.k. einn tening úr hverju kasti og má síðan kasta eins oft og hann vill meðan hann geymir alltaf a.m.k. einn tening í hvert sinn.

Ef leikmaður (L1) nær að fá 30 stig eða meira heldur hann sínum stigum. Ef hann hins vegar nær því ekki, til dæmis ef hann nær 27 stigum, dragast þrjú stig frá 30 stigunum hans ($30-27=3$), og næsti maður á vinstri hönd (L2) gerir.

Ef L1 nær meira en 30 stigum, t.d. 34 stigum, þá má hann kasta aftur og reyna að fá 4 eins oft og hann getur, og dregst sú tala þá frá skori L2 sem situr honum á vinstri hönd. Ef L1 myndi t.d. fá þrisvar sinnum 4, dragast 12 stig frá L2 og hann á leik. Ef L1 tekst hins vegar að ná fjórum á alla teningana sex, má hann halda áfram og kasta öllum teningunum aftur og fá enn fleiri fjarka.

Ef L1 nær fleiri stigum en L2 á eftir, þá færast ónotuð stig á L3 ef fleiri en tveir eru að spila, og þannig áfram á L4...

Dæmi: L1 fær 34 stig. Hann kastar öllum teningunum aftur og nær samtals þremur fjörkum eða 12 stigum. Þau dragast frá L2 sem á bara 5 stig eftir, þá færast ($12-5=7$)sjö stig á L3 og svo framvegis.

Sá leikmaður sem nær að halda einhverjum stigum lengst, hann vinnur.

Góða skemmtun!

Lært í Færeyjum sumarið 2023,

Guðný Sigríður Ólafsdóttir